

Mál nr. 58/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)

**Vinnuslys við smíðar 07.01. 2009,
fingurmeiðsl.**

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 13.02. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.02. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M vann við að leggja parket. Hann var að saga parket úti á svölum íbúðar með hjólsög. Hann hafði sögina í hægri hendi og parketborð í vinstri hendi. Mun sögin hafa hrokkið til þannig að M sagaði í vísifingur og löngutöng vinstri handar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta. Hann telur að rekja megi slysið til þeirrar vinnuaðstöðu sem hann hafi þurft að notast við sem hann telur að hafi verið ófullnægjandi.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. M hafi starfað hjá A frá því í ágúst 1999 og þar á undan hjá sama eiganda í 10 ár. Hann hafi þennan tíma starfað við smíðar og hefur víðtæka reynslu af öllum sviðum smíðavinnu. Félagið telur að M hafi sjálfur haft forræði á því hvernig vinnuaðstöðu var háttað.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Virðist mega rekja slys M fyrst og fremst til aðgæsluleysis hans sjálfs. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á A miðað við gögn máls þessa. Lagt er til grundvallar að M hafi sjálfur haft forræði á því hvernig vinnuaðstaðan var.

Það breytir ekki ofanrituðu þó að Vinnueftirlitið telji að meginorsök slyssins megi rekja til þess að “vinnuaðstaðan var ófullnægjandi og samverkandi þáttur gæti verið léleg lýsing”.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 10. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.